

15. Landbúnaðarnefndarfundur haldinn þriðjudaginn 24. janúar, kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mættir: Sverrir, Maríus, Ævar, Sigríður Ósk, Steinunn og Elías sveitarstjóri.

Sverrir setur fundinn, Steinunn ritar.

Dagskrá:

1. Sveitarstjóri svarar fyrirspurnum.
2. Verkefni ársins 2017 og staða verka frá 2016.

1. Hvar stendur fjallskilasjóðsmálið og hvað ætlar sveitarstjórn að gera með tillögur landbúnaðarnefndar þ.e. fasteignaskattsleið og gjaldtaka af utan sveitarfé?

Skattur á bújarðir (fasteignaskattsleiðin). Elías hefur kynnt sér málin í Húnavatnssýslu þar sem þetta er gert. Vafasamt að skattheimta með þessum hætti standist lög, en þeir hafa ekki fengið athugasemd hingað til. Sveitarstjóri mælir gegn skatti þessum. Erfitt mál.

Setja á einhverskonar gjald (líkt og afnotagjald). Sveitarstjórnin er með ályktunina og upplýsingar sem Elías hefur kynnt sér.

Sverrir talar um að koma á einhverskonar skatti/árgjaldi sem lagt er á allar jarðir. Ákveðinn tekjustofn, bændur geti verið sjálfstæðir, þurfi ekki alltaf að leita til sveitafélagsins. Best að bændur eigi gangnahús en ekki sveitarfélagið.

Elías nefnir að hægt væri að stofna fjallaskilafélag þar sem sveitarfélagið legði til ákveðið fjármagn inn í félagið. Einhverskonar gjald af öllum jörðum yrði að vera tekjustofninn.

2. Hver er stefna sveitarstjórnar varðandi heiðargirðingu milli Finnaþjóðar og Hafralónsár ?

Sveitarstjórn finnst þetta dýrt verkefni. Málið liggur niðri sem stendur. Ef og þegar kemur nýr vegur yfir Breknaheiði kemur einnig ný girðing. Landbúnaðarnefnd kallar eftir álitum sveitarstjórnar um girðinguna.

3. Hvernig verður vetrarþjónusta veganna á Þórshöfn – Ytra-Lón og Þórshöfn – Tungusel.

Sveitarstjóra hefur borist einhliða samningsdrög frá Vegagerðinni. Þeir bjóða helmingamokstur. Sem felur í sér að sveitarfélagið borgi helminginn af mokstrinum á móti Vegagerðinni og að sveitarfélagið beri ábyrgð á að taka ákvörðun um mokstur. Sveitarstjóri samþykkti ekki samningsdrögin. Unnið með málið áfram. Í 12. gr vegalaga segir að Vegagerðin, sem veghaldari, eigi að sjá um veginn. Þar segir „Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.“.Meðan staðan er þessi er best að ábúendur hafi samband við sveitarstjóra ef þarf að moka.

4. Hvar standa mál vegna ónýtra girðinga á lögbýlum og eyðijörðum.

Elías sendi út bréf sumarið 2015 og 2016 til skráðra eigenda er innihélt tiltekt á lögbýlum eða bújörðum. Fékk lítil viðbrögð. Fallist var á það að landbúnaðarnefnd setji upp vinnuþátt um hvernig best sé að standa að því að rífa gamlar og ónýtar girðingar ásamt því að farga efninu.

5. Verður eyrnamerkt fé til endurbóta á eignum sveitafélagsins í dreifbýlinu þ.e. aðhöld, kofar, réttir og girðingar.

Sveitarfélagið úthlutar 500.000 kr. Landbúnaðarnefnd þarf að senda inn kostnaðaráætlun vegna endurbóta.

6. Er kominn samningur milli Gámafélagsins og Langnesbyggðar.

Samningur til staðar hjá sveitarfélaginu. Þar stendur að taka eigi rúlluplastið fjórum sinnum á ári. Bændur borga skilagjald við kaup á rúlluplasti. Elías mælir með því að bændur sendi tölvupóst á Gámafélagið og óski þar eftir svörum og lausnum varðandi rúlluplastið.

7. Hver er stefnan í ljósleiðaravæðingu dreifbýlis Langnesbyggðar.

Sótt var um svokallaða a-umsókn. Sveitarfélög tekin og metin. Langnesbyggð og Þingeyjarsýslur í skoðun. Málið þarf að fara fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn þarf að ákveða fyrir 10. febrúar hvort hún ætlar að þiggja eða hafna styrk þeim sem boðin verður í verkið. Ef styrknum verður hafnað þá fær annað sveitarfélag úthlutað.

8. Refa og minka mál.

Frá Brekknaheiði að Fonti fundust 30. greni, öll greni voru hnitsett og veiddust samtals 126 dýr, þar af 31. yrðlingur.

Á Ströndinni var leitað í 38. grenjum. Veidd voru 24. hlaupadýr. Samtala grenjadýra í Langnesbyggð eru 150. dýr. Framlag frá sveitarfélaginu fyrir grenja og hlaupadýr var 2,1 millj. og 0,95 millj. vegna refa, samtals 3.050.000 kr. Á Ströndinni voru grenin, af tæknilegum ástæðum, ekki hnitsett í sumar. Veiðimaður lofar að gera það á þessu ári að öðrum kosti fær hann ekki greitt fyrir vinnu sína. Sverrir leggur til að Elías ræði við veiðimanninn um að hnitsetja grenin í vetur. Ráða þarf veiðimenn í Tunguselsheiði.

2. Verkefni ársins 2017 og staða verka frá 2016.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.